

Notandi á ekki rétt á lækkun orkureiknings þann tíma sem afhending varmaorku er stöðvuð, vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Ólafsfjarðar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

12. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 914, 29. desember 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 2. ágúst 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna bs. er taki gildi við birtingu.

Gjaldskrá Selfossveitna bs. nr. 583, 13. október 1997, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Fast gjald taxta A1 og A2 lækkar um 15%.

Aðrir taxtar rafveitu og hitaveitu hækka um 3%.

Iðnaðarráðuneytinu, 2. ágúst 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúans í Kópavogi á málum skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Kópavogi afgreiðir, án staðfestingar byggingarnefndar, mál skv. 2. gr. er falla undir skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum.

Umsóknir um nýja bílskúra, viðbótarhæðir húsa, fjölgun eignarhluta í íbúðarhúsum og viðbyggingar sem eru um 30% eða meira af grunnfleti fyrir stækkun skal þó ávallt leggja fyrir byggingarnefnd.

2. gr.

1. Umsóknir vegna minni háttar mannvirkja, minni háttar breytinga á innra skipulagi og útliti húsa, eignaskipta, reyndarteikninga, brunavarna, ferlimála, hollustuhátta og öryggismála.
2. Umsóknir vegna breytinga á hæðarlegu lóða, uppsetningar girðinga, gróðurs og frágangs lóða, staðsetningar gáma á atvinnulóðum og minni háttar skilta á mannvirkjum og lóðum, númerabreytinga húsa og lóða, svo og skiptingar lóða og landa eða breytingar á lóðarmörkum og landamerkjum, enda sé það í samræmi við skipulag.
3. Umsóknir vegna undanþáguákvæðis um staðbundna viðurkenningu iðnmeistara.
4. Byggingarnefnd getur falið byggingarfulltrúa fullnaðarafgreiðslu teikninga sem liggja fyrir nefndinni, en uppfylla ekki ákvæði byggingarreglugerðar um minni háttar atriði.

3. gr.

Mál sem falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur hann gefið út byggingarleyfi að uppfylltum ákvæðum laganna og þeirra reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra, úthlutunarskilmálum og öðrum samþykktum Kópavogsbæjar um byggingarmál.

4. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á næsta fundi byggingarnefndar og bókaðar í fundargerð nefndarinnar en ekki teknar til annarrar afgreiðslu, og hljóta afgreiðslu bæjarstjórnar með sama hætti og samþykktir byggingarnefndar.

5. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna.

6. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa eða byggingarfulltrúi synjar erindis, er honum heimilt að skjóta máli sínu til byggingarnefndar innan 14 daga frá því honum er kunnugt um afgreiðslu byggingarfulltrúa, og fer um meðferð kærumála skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, og skv. stjórnarsýslulögum nr. 37/1993.

7. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs staðfestist hér með samkvæmt 1. gr. laga nr. 117/1999, um breytingu á skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 26. júlí 2000.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Kristín Linda Árnadóttir.